



Stjórnarfundur STEFs 1. febrúar 2019

Fundargerð – útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs föstudaginn 1. febrúar 2019 og hófst hann kl 11:00. Mættir: Þórunn Gréta Sigurðardóttir (formaður), Bragi Valdimar Skúlason, Sigurður Flosason, Hjálmar H. Ragnarsson og Jakob Frímagn Magnússon, Páll Ragnar Pálsson og Óttarr Proppé. Að auki sat framkvæmdastjórinn, Guðrún Björk Bjarnadóttir, fundinn.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar frá 17. desember var samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram. Yfirlitinu fylgdu eftirfarandi gögn:
 - a. Minnisblað um nýja verðskrá fyrir dansskóla og heilsuræktir.
 - b. Greinargerð STEFs til IHM vegna úthlutunar sem byggð er á norsku módeli.
 - c. Tilboð vegna vefsíðugerðar.
 - d. Áform um lagasetningu og mat vegna skattlagningar höfundaréttartekna.
 - e. Minnisblað um breytingar á skattlagningu höfundaréttartekna.
2. Greining á flæði greiðslna frá tónlistarveitum – lagt fram flæðirit.
3. Laufásvegur 40 – kostnaður við framkvæmdir og yfirfærsla eignarhluta FTT og TÍ
 - a. Yfirlit yfir kostnað framkvæmda.
 - b. Fasteignamat frá fasteingasölu #1.
 - c. Fasteignamat frá fasteignasölu #2.

Málinu frestað til næsta fundar.

4. Enskur undirtitill STEFs. Málinu frestað.
5. Heiti á Hljóðritasjóð STEFs. Ákveðið var að breyta nafni sjóðsins í *Upptökusjóð STEFs* vegna ruglingshættu við *Hljóðritasjóð* Rannís.
6. Starfsreglur stjórnar
 - a. Ný drög lögð fyrir með breytingum vinnuhóps. Drögin voru samþykkt og taka reglurnar þegar gildi og eru nú opinberar á vefsíðu STEFs.
7. Heiðursmerki STEFs
 - a. Lagður fram listi yfir stórafmæli höfunda 2019 og 2020.
 - b. Lagðar fram verklagsreglur sem samþykktar voru á síðasta fundi.



8. Útibú NCB á Íslandi – greining á kostum og göllum

- a. Lagt fram yfirlit framkvæmdastjóra. Samþykkt að halda áfram að vinna málið á þeim grunni sem þar kemur fram, þ.e.a.s. stefnt er að lokun útibúsins og yfirfærslu verkefna til höfuðstöðva NCB í Kaupmannahöfn.

9. Önnur mál

- a. Myndlistarverk á Laufásvegi 40. Samþykkt að STEF kaupi og setji upp myndlistarverk á þann vegg er blasir við innangi í húsið. Lagðar voru fram nokkrar tillögur frá ið galleríinu, en ákveðið að skoða einnig aðra möguleika.

Fleiri mál voru ekki fram borin.

Fundi var slitið kl. 13:30.